

Heil og sæl öll sömul.

Nú er komið að því að birta auglýsingu um áform um friðlýsingu. Ég er búin að skrifa auglýsinguna upp og er hún í skjali hérna meðfylgjandi – stutt og einföld. Fresturinn fer eftir birtingardegi – reiknum með sléttum 8 vikum eins og lögin segja að sé lágmark.

Í skjalinu er einnig listi yfir aðila sem auglýsingin birtist í eða sendist á, en í lögunum segir að auglýst skuli í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í Lögbirtingablaðinu og jafnframt á heimasíðu ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Tillöguna á einnig að senda sveitarstjórnnum, náttúruverndarnefndum og náttúrustofum til umsagnar og öðrum opinberum aðilum og hagsmunasamtökum eftir því sem ástæða þykir til.

Ég er búin að tína til þó nokkra aðila, en mig langar til að biðja ykkur að rýna þennan lista mjög vandlega, og sérstaklega með í huga aðila og samtök í heimabyggðinni sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta og senda mér upplýsingar um fleiri aðila sem eiga heima á listanum. Gott væri að fá það í síðasta lagi á mánudaginn í næstu viku þannig að ég geti gengið frá auglýsingunni á þriðjudag.

Annars hlakka ég til samstarfsins og hlakka til að heyra frá ykkur hugmyndir um það hvernig best væri að standa að því að opna samtal um mörk svæðisins við heimafólk sbr. fyrri póstur frá mér.

kveðja, Hildur

**Bestu kveðjur, Best regards**

Hildur Vésteinsdóttir

Teymisstjóri, Team leader

Svið samþættingar, Department of Integration

